

Til umhverfisnefndar Alþingis
Frá Þjóðminjasafni Íslands
13. jan. 2005 (tölvupóstur)

Þjóðminjavörður,
Margrét Hallgrímsdóttir.

Undirritaður hefur farið yfir ofangreint frumvarp að þinni beiðni.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Í fylgiskjali fjármálaráðuneytis, fjárlagaskrifstofu, eru talin upp meginefni frumvarpsins, sem eru þessi helzt:

1. Breytt hlutverk Skipulagsstofnunar, sem framvegis skal gefa álit sitt á skýrslu, sem framkvæmdaaðila er gert að útbúa um fyrirhugaðar framkvæmdir. Stofnunin úrskurðar ekki lengur hvort fallist skuli á framkvæmdina eða henni hafnað út frá mati á umhverfisáhrifum, heldur skal Skipulagsstofnun framvegis gefa álit sitt á því hvort skýrsla framkvæmdaaðilans uppfylli skilyrði laganna og lýsi umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með fullnægjandi hætti.
2. Leyfisveitandi (s.s. sveitarfélaög) skulu kynna sér matskýrsluna og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar á henni, en er að öðru leyti óbundinn af álitinu.
3. Málskotsréttur til æðra stjórnvalds verður þrengdur og lýtur einungis að þeim aðilum, er eiga lögvarinna réttinda eða hagsmuna að gæta, sem og umhverfisverndar- og hagsmunasamtökum skv. nánari skilgreiningu (m.a. um lágmarksstærð samtakanna)
4. Ákvörðun leyfisveitanda, sveitarstjórnar, um útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfis, verður kæránleg til sérstakrar úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála (sem þá verði eflað frá því sem er í gildandi lögum).

Ekki verður séð við yfirlesturinn að breytingin, sem í frumvarpinu felst, hafi áhrif varðandi hús í húsasafni Þjóðminjasafnsins. Þau eru vernduð af skipulags- og byggingarlögum, sem breytingin nær ekki til. Löggin byggjast í öllum grundvallaratriðum á tilskipunum Evrópusambandsins sem eru hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og var tekið mið af löggjöf um mat á umhverfisáhrifum á hinum Norðurlöndunum, einkum þó Danmörku.

Undirritaður hnaut einna helst um athugasemdir, er fylgja frumvarpinu og eru við einstakar greinar þess. Þar segir um 19. grein (2. viðauka, á bls. 23) varðandi tilkynningarskyldu á nýræktun skóga og er lagt til að þar séu mörk dregin við 50 ha svæði

“þar sem ekki liggur fyrir staðfest skipulagsáætlun sem markar stefnu á skógrækt á viðkomandi svæði og leyfisveitingar til slíkra verkefna.”

Er tryggt að ekki sé verið að rækta skóg á svæðum, þar sem hætta getur talizt á því að finnist menningarminjar í jörðu? Geri reyndar ráð fyrir því að Fornleifavernd ríkisins hafi fengið frumvarpið til umsagnar og skoði þetta mál sérstaklega.

Haraldur Helgason.